

Ed.

216. Frumvarp

til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Um stjórn vitamála.

1. gr.

Ráðherra hefir með höndum yfirstjórn allra vitamála í landinu.

2. gr.

Konungur skipar vitamálastjóra, er stjórn framkvæmdum allra vitamála landsins og sé ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að vita- og hafnamálum.

3. gr.

Vitamálastjóri hefir með höndum undirbúning að og yfirstjórn við byggingu nýrra vita og gerð nýrra sjómerkja, umsjón með allri starfrækslu vita ríkisins og sjómerkja, svo og umsjón og eftirlit með vitum og sjómerkjum, sem hafnarstjórnir, sveitarstjórnir eða einstakir menn byggja eða setja upp, sbr. lög nr. 23 11. júlí 1911, lög nr. 43 14. júní 1929 og lög nr. 16 14. júní 1929.

Ennfremur má fela vitamálastjóra undirbúning, framkvæmd og eftirlit með öllum hafnarmannvirkjum, bryggjurgerðum og lendingabótum, sem gerðar eru að öllu eða nokkru leyti fyrir fé ríkissjóðs eða með styrk af því.

Nánari ákvæði um starf vitamálastjóra setur ráðherra í erindisbréfi.

4. gr.

Um laun vitamálastjóra fer eftir launalögum. Í fjárlög skal árlega taka upp fjárveitingu til greiðslu á skrifstofukostnaði hans.

5. gr.

Ráðherra skipar vitaverkfræðing til aðstoðar vitamálastjóra. Um laun hans fer eftir launalögum.

6. gr.

Ráðherra skipar vitaverði eftir tillögum vitamálastjóra, með þeim kjörum, sem ákveðin eru í launalögum eða í fjárlögum.

7. gr.

Vitamálastjóri gerir árlega, í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík og forseta Fiskifélags Íslands, tillögur og áætlun um fjárveitingar

úr rikissjóði til vitamála. Skal það gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft þær tillögur til hliðsjónar, er frv. til fjárlaga er samið.

II. KAFLI.

Um byggingu vita og sjómerkja.

8. gr.

Verja skal árlega, ef ástæður rikissjóðs leyfa, álika upphæð til vitamála og vitagjaldi nemur, meðan stendur á byggingu vita þeirra, er ræðir um í 9. gr., ennfremur ef þurfa þykir til sjómerkja, sbr. 11. gr.

9. gr.

Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og aðrar ástæður leyfa:

Á Þjófakletti í Borgarfirði	ljósviti
- Borgareyjum	—
- Rauðanesi	—
- Hjörtsey á Mýrum	—
- Búðarhrauni	—
- Stórfiskaskeri við Hagabót	—
- Bjargtöngum	stækkun ljósvita
- —	radioviti
- Vatneyri við Patreksfjörð	ljósviti
- Álftamýri við Arnarfjörð	—
- Þingeyri við Dýrafjörð	—
- Fjallaskaga við Dýrafjörð	—
- Flateyri við Önundarfjörð	—
- Gelti í Önundarfirði	radioviti
- —	hljóðviti
- Óshólum í Bolungavík	ljósviti
- Æðey	—
- Sléttaeyri í Jökulfjörðum	—
- Aðalvík	—
- Hornbjargi	radioviti
- —	hljóðviti
- Munaðarnesi	ljósviti
- Krossnesi	—
- Kaldrananesi	—
- Kjörseyri við Hrútafjörð	—
- Ánastaðabökkum	—
- Skagaströnd	—
- Kálfshamarsnesi	stækkun ljósvita
- Skagatá	stækkun —

Á Reykjadisk á Skagafirði	ljósviti
- Hegranesi	—
- Straumnesi eða Málmey	—
- Sauðanesi við Siglufjörð	—
- — — —	hljóðviti
- Siglunesi	radioviti
- Grimsey	ljósviti
- Húsavíkurhöfða	—
- Snartastöðum	—
- Hjálmarsnesi við Þistilfjörð	—
- Svínalækjartanga	—
- Langanesi	stækkun ljósvita
- —	radioviti
- —	hljóðviti
- Digranesi	ljósviti
- Kolbeinstanga í Vopnafirði	—
- Glettinganesi	hljóðviti
- Hellisnesi við Norðfjörð	ljósviti
- Grímutanga við Reyðarfjörð	—
- Selnesi	—
- Seley	—
- —	radioviti
- —	hljóðviti
- Hvalsnesi	ljósviti
- Stokknesi	radioviti
- Hestgerði	ljósviti
- Ingólfshöfða	stækkun ljósvita
- Stórhöfða	—
- Faxaskeri	ljósviti
- Loftstaðahól	—
- Hafnarnesi við Þorlákshöfn	—
- Reykjanesi	radioviti
- —	hljóðviti
- Gróttu	radioviti
- —	hljóðviti

10. gr.

Vitar þeir, sem taldir eru í 9. gr. skulu byggðir í þeirri röð, sem ráðherra ákveður eftir tillögum vitamálastjóra.

Eftir tillögum vitamálastjóra er ráðherra og heimilt að breyta legu vita þessara, ef það þykir hentugt eftir nánari rannsóknir á þeim svæðum, sem vitunum er ætlað að ná til.

11. gr.

Eftir tillögum vitamálastjóra (sbr. 7. gr.) getur ráðherra, eftir því sem vitafé er fyrir hendi, látið setja upp ný sjómerki og leggja út ný dufl, svo og bæta eldri vita og önnur mannvirki, sem ætluð eru sjófarendum til öryggis.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.